




Reykjavík, 25. nóvember 2025
USK25060348

Hringbraut 50 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa – breyting á skipulagi lóðar

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. ágúst 2025 var lögð fram fyrirspurn Grundar, dags. 24. júní 2025, ásamt greinargerð Gunnars Boga Borgarssonar hjá ASK arkitektum, ódags., um að koma fyrir upplifunargarði ásamt æfingatækjum á norðurhluta lóðarinnar nr. 50 við Hringbraut auk sorp- og hjólageymslu, samkvæmt uppdráttum ASK arkitekta, dags. 24. júní 2025. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 25.11.2025



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Geymsla

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir Hringbraut 50 borgarhluta 1 og er á skilgreindu íbúðasvæði ÍB 1 Landakot suður.

Deiliskipulag: Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið.

Umsögn

Við Hringbraut 50 er hjúkrunarheimilið Grund sem byggt var í nokkrum áföngum á árunum 1929-2005. Húsið er friðað skv. rauðum flokki en honum tilheyra einstök hús, húsaraðir eða götummyndir með varðveislugildi.

Innan Hringbrautar er í aðalskipulagi skilgreind hverfisvernd innan Hringbrautar. Markmið hverfisverndar er að varðveita og styrkja heildaryfirbragð gamla bæjarins sem gerir hann að einstökum og eftirsóknarverðum stað í alþjóðlegu samhengi og að varðveita og styrkja söguleg og fagurfræðileg einkenni. Markmiðinu skal náð með því að gætt verði ýtrustu varúðar við þróun byggðar innan svæðisins og að meginmarkmiðum borgarverndunarstefnu verði fylgt eftir í hvívetna.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á u.þ.b. 100 fermetra sorp – og rafhjóla – og rafskutlugeymslu. Fyrirhuguð staðsetning er á lóðamörkum við Brávallagötu. Til stendur að koma fyrir upplifunargarði ásamt æfingatækjum á norð-vesturhluta lóðarinnar.

Bent er á að vera í samráði við tilvonandi þjónustuaðila sem leiðbeina um stærðir og ílát miðað við umfang reksturs. Viðkomandi aðilar veita rekstraraðilum ráðgjöf til



hagkvæmni í úrgangsstjórnun og ummálsminnkun. Það ákvarðar þá stærð sorpgeymsla og þarfir. Uppfylla þarf kröfur skipulagsreglugerðar og byggingareglugerðar eins og við á, að auki samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg. Það er hlutverk og ábyrgð hönnuða að rétt sé staðið á málum.

Varðandi hjólastæði þarf að fara eftir Bíla og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar um fjölda stæða við hjúkrunar- og dvalarheimili.

Umfang geymslunnar er töluvert og mun hafa áhrif á götumynd Brávallagötu og ásýnd Grundar. Þörf er á umsögn Minjastofnunar á útfærslu geymslunnar.

Varðandi trjáfellingar í garðinum er mælt til að halda í sem flest tré. Í grenilundinum eru elstu og stærstu tré lóðarinnar og mun breyta ásýnd götu og lóðar við fellinguna þeirra. Mælt er til þess að hönnun upplifunargarðsins taki mið af staðsetningu eldri trjáa og þau verði partur af nýrri hönnun. Sækja þarf um leyfi til að fella tré sem eru hærri en 8m eða eldri en 60 ára.

Niðurstaða

- Umfang geymslunnar er töluvert og mun hafa áhrif á götumynd Brávallagötu og Hringbrautar og þarfnast umsagnar Minjastofnunar
- Bent er á að vinna tillögu í samráði við þjónustuaðila úrgangslausranna m.t.t. tegund lausna, umfangs og þarfa.
- Sækja þarf um leyfi til að fella tré hærri en 8m eða eldri en 60 ára.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Britta Magdalena Ágústsdóttir
verkefnastjóri



Reykjavík